

## AUGLÝSING

um slit á skemmtunum og samkomum.

11

15. jan.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 120 22. des. 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, hefur dómsmálaráðherra ákveðið, að skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skuli slitið í síðasta lagi klukkan eitt eftir miðnætti.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum allt að kr. 10000.00.

Reglur þessar taka gildi 1. febrúar n. k.

*Dómsmálaráðuneytið, 15. janúar 1948.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um lágmarksverð á nýjum fiski.

12

19. jan.

Samkv. IV. kafla laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir, er hér með ákveðið, að frá og með 1. janúar 1948 skuli lágmarksverð á nýjum fiski vera sem hér segir: Þorskur, ýsa, langa og sandkoli:

Slægður með haus .....	kr. 0.65	hvert kg
Slægður og hausaður .....	— 0.845	— —
Óslægður .....	— 0.55	— —
Flattur .....	— 0.96	— —
<b>Karfi og keila:</b>		
Slægður með haus .....	— 0.27	— —
Slægður og hausaður .....	— 0.36	— —
<b>Ufsi:</b>		
Slægður með haus .....	— 0.34	— —
Slægður og hausaður .....	— 0.45	— —
<b>Skötubörð:</b>		
Stór .....	— 0.50	— —
Smá .....	— 0.35	— —
Steinbítur í nothæfu standi, slægður með haus .....	— 0.45	— —
Flatfiskur (allur annar en stórkjafta, langlúra, sandkoli og lúða yfir 15 kg) .....	— 1.60	— —
Stórkjafta og langlúra .....	— 0.85	— —
Háfur .....	— 0.20	— —

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 19. janúar 1948.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*